

Tillögur að breytingum á starfsreglum stjórnar deildar leiðsögufólks í VR

- í tengslum við fyrsta aðalfund 2025

Núgildandi:

“Almennt

Stjórn deildar leiðsögufólks í VR skal vinna sem ein heild og er sem slík ábyrg í störfum sínum gagnvart félagsfólki í deild leiðsögufólks í VR. Fundargerðir deildar leiðsögufólks í VR eru aðgengilegar félagsfólki á vef félagsins.”

Breytist svo:

Almennt

Fulltrúar í stjórn deildar leiðsögufólks í VR skulu í störfum sínum hafa mannvirðingu að leiðarljósi. Þau kappkosta að skiptast á skoðunum og takast á við sín verkefni á málefnalegum grundvelli. Stjórn starfar í umboði félagsmanna í deildinni og ber ábyrgð á verkum sínum gagnvart þeim. Fundargerðir deildar leiðsögufólks í VR eru aðgengilegar félagsfólki á vef félagsins.

Skýring á tillögu:

Það vekur athygli að starfsreglur stjórnar fela ekki lengur í sér neinar siðareglur. Starfsreglur Leiðsagnar voru ákaflega þarft og vel unnið plagg sem bar nafnið starfs- og siðareglur Leiðsagnar, fyrst samþykktar 18. des. 2023. Þess vegna þessi tillaga að breytingu á almennum texta.

“Að vinna sem ein heild” hefur ekki bara kosti. Stjórn málasaga síðustu aldar kennir okkur það. Þess má geta að skv. sveitarstjórnarlögum, 25. gr. um sjálfstæði í starfi, eru sveitarstjórnarmenn einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu í afstöðu til mála. Með þessu ákvæði er verið að benda fólki á ábyrgðina sem það hefur gagnvart viðfangsefnum sínum og það grundvallaratriði að hugur skuli fylgja máli.

Í ljósi þessa teljum við brýnt að textanum verði breytt.

“25. gr. Sjálfstæði í starfi.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.”

Virðingarfyllt,

Atli Sigurðarson

T-póstur: atli@arex.is

Guðný Margrét Emilsdóttir

T-póstur: gudny.margret.emils@gmail.com

Sigrún H Pálsdóttir

T-póstur: sigrunhpalsdottir@gmail.com

- leiðsögumenn og fullgildir félagsmenn í VR og deild leiðsögufólks í VR